

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar vegna Holtahverfis ÍB18.

Skipulagsstofnun staðfesti 12. febrúar 2025 breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 21. janúar 2025.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir þéttingu byggðar með allt að 400 íbúðum í blandaðri byggð í einbýlis-, rað- og fjölbýlishúsum, að hámarki 4 hæðir. Einnig er heimilt innan vestari reits ÍB18 að byggja hjúkrunarheimili með allt að 100 hjúkrunarrými auk þjónustu fyrir eldri borgara.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 12. febrúar 2025.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 26. febrúar 2025